

Punkturinn 3.tbl. 5.árg. 2014 - Fréttabréf um skatta- og lögfræðimál

Í Punktinum að þessu sinni verður fjallað um nýlega dóma Hæstaréttar. Má þar nefna nýfallinn dóm Hæstaréttar nr. 762/2013 um lögmati auðlegðarskattsins og dóm réttarins nr. 450/2013 þar sem stjórnarmaður og héraðsdómslögmaður voru dæmdir í fangelsisvist fyrir brot á ákvæðum hlutafélagalaga.

Þá verður einnig fjallað um nokkra dóma er varða kröfur vegna ofgreiddra vaxta í tengslum við endurútreikning lána með ólögmati gengistryggingu. Að lokum verður fjallað um tvo nýlega dóma Hæstaréttar um lögmati gengistryggingar lánssamninga.

Við minnum á að sérfræðingar Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte eru ávallt reiðubúnir að veita aðstoð á sviði skatta- og lögfræðimála.

- *Stefnt er að útgáfu reglugerðar um milliverðlagningu í júní. Sjá nánari umfjöllun á bls. 2.*
- *Álagning auðlegðarskatts ekki talin ganga gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar eða friðhelgi eignaréttarins. Sjá umfjöllun um dóm Hæstaréttar nr. 762/2013, á bls. 2.*
- *Stjórnarmaður og héraðsdómslögmaður voru dæmdir í fangelsisvist fyrir brot á ákvæðum hlutafélagalaga í tengslum við hlutafjárhækkun þar sem greitt hafði verið minna en nafnverð fyrir nýja hluti í hlutafélagi. Sjá umfjöllun um dóm Hæstaréttar nr. 450/2013, á bls. 3.*
- *Þrír fjármögnunarleigusamningar taldir vera leigusamningar og þar af leiðandi með lögmeta gengistryggingu þar sem m.a. ekki tókst sönnun um að samið hefði verið um í upphafi viðskipta að viðsemjandinn yrði að loknum grunnleigutíma eigandi umræddra véla og tækja. Sjá umfjöllun um dóm Hæstaréttar nr. 638/2013, á bls. 3.*
- *Skilyrði talin vera til staðar til að víkja frá meginreglu kröfuréttar um að kröfuhafi sem fengið hefur minna greitt en hann á rétt til, eigi kröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er. Sjá nánari umfjöllun um dóm Hæstaréttar nr. 430/2013, á bls. 4.*
- *Skilyrði ekki talin vera fyrir hendi til að víkja frá meginreglu kröfuréttar um að kröfuhafi sem fengið hefur minna greitt en hann á rétt til, eigi kröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er. Sjá nánari umfjöllun um dóm Hæstaréttar nr. 463/2013, á bls. 4.*
- *Lánssamningar með „jafnvirðis orðalagi“ taldir vera lögmet lán í erlendum gjaldmiðlum þar sem efndir samninganna fóru að verulegu leyti fram í erlendum gjaldeyri. Sjá nánari umfjöllun um dóm Hæstaréttar nr. 602/2013, á bls. 5.*
- *Lán talið lögmett erlent lán á grundvelli texta samningsins. Ef orðalag skuldbindingar nægir til að ráða úrslitum um lögmati samnings þá þarf hvorki að líta til þess hvernig ráðgert hafi verið í samningi að skyldur aðila skyldu efndar og hvernig efndir þeirra hafi orðið í raun. Sjá umfjöllun um dóm Hæstaréttar nr. 187/2014, á bls. 5.*



Reglugerð um milliverðlagningu í bígerð

Á morgunverðarfundum Deloitte um milliverðlagningu þann 19. mars síðastliðinn nefndi fulltrúi fjármála- og efnahagsráðsneytisins, Margrét Ágústa Sigurðardóttir, að stefnt væri að útgáfu þeirrar reglugerðar sem nýja löggjöfin gerir ráð fyrir núna í júní. Tíminn þangað til yrði m.a. nýttur til samvinnu við fagaðila.

Stuttu síðar voru fulltrúar Deloitte boðaðir á fund starfshóps fjármála- og efnahagsráðherra sem falið hefur verið að vinna drög að umræddri reglugerð. Á fundinum lögðu fulltrúar Deloitte áherslu m.a. á eftirfarandi þætti:

- Að reynt yrði eftir fremsta megni að tryggja samræmi við leiðbeiningareglur OECD á þessu sviði og verklag annarra þjóða og að tekið yrði mið af raunumhverfi fyrirtækja.
- Að gæta þyrfti að gagnsæi í öllum ferlum varðandi milliverðlagningu, s.s. með upptöku yfirlitsferlis að hætti skattýfirvalda í Bandaríkjunum.
- Að gera þyrfti fyrirtækjum kleift að afla sér vissu um að milliverðlagning þeirra standist leiðbeiningar OECD með bindandi álitum eða svokölluðum Advanced Price Agreements.
- Að nógildandi armslengdarreglu yrði ekki beitt ef milliverðlagningu fyrirtækja er háttað í samræmi við leiðbeiningareglur OECD, enda myndi slíkt skapa talsverða réttaróvissu.
- Að skipaður yrði nýnihópur atvinnulífsins, ráðuneytisins, RSK, Seðlabankans o.fl. til að fylgjast með alþjóðlegri þróun á þessu sviði og meta þörfina á lagabreytingum.
- Að leyfa þyrfti ákveðinn sveigjanleika m.t.t. leiðbeiningareglna OECD, s.s. varðandi gagnaöflun, notkun á samanburðargreiningum, fyrirkomulagi á varðveislu gagna og tungumáli þeirra.
- Að viðurlögum yrði frestað um einhver ár og þegar þau yrðu tekin upp að miðað yrði við dönsku leiðina þar sem hvorki er lögð á sekt né álag ef milliverð er leiðrétt af hálfu skattýfirvalda svo lengi sem skjölunin er fullnægjandi.

Í Viðskiptablaðinu þann 3. apríl síðastliðinn var fjallað um síðastnefnda þáttinn þar sem rætt var við Harald I. Birgisson, verkefnastjóra á skatta- og lögfræðisviði Deloitte, sjá **nánar hér**.

Fyrir frekari upplýsingar um þjónustu Deloitte á sviði milliverðlagsmála er hægt að hafa samband við Harald í síma 822-7570 eða Símon Þór Jónsson í síma 840-2008.

Allar upplýsingar um morgunverðarfund Deloitte um milliverðlagsmál eru **aðgengilegar hér**.

Dómur Hæstaréttar frá 10. apríl 2014 í máli nr. 726/2013, G gegn íslenska ríkinu - lögmæti auðlegðarskatts

Álagning auðlegðarskatts ekki talin ganga gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar eða friðhelgi eignaréttarins

Í málinu var deilt um lögmæti álagningar auðlegðarskatts. G krafðist þess að auðlegðarskattur sem G var gert að greiða samkvæmt álagningu á árunum 2010, 2011 og 2012 yrði felldur niður og að í yrði gert að endurgreiða þá fjárhæð sem G hafði greitt vegna álagningarinnar. G hélt því fram að álagning skattsins, eins og henni var háttað, væri í andstöðu við jafnræðisreglu 65. gr. og friðhelgi eignaréttarins, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar, sem og samningsviðauka nr. 1. við mannréttindasáttmála Evrópu.

Í niðurstöðum Hæstaréttar kemur fram að um væri að ræða fullgildan skattstofn. Með framangreindum ákvæðum stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmálans væri valdi löggjafans til skattlagningar takmörk sett. Hins vegar, að virtum þeim grundvallarsjónarmiðum sem í ákvæðunum fælust, þá hefðu dómstólar játað löggjafanum verulegt svigrúm til að ákveða hvernig skattlagningu skyldi háttað. Eignir manna hér á landi hefðu verið skattlagðar um aldir og hefði löggjafinn svigrúm til að haga skattlagningu þannig að maður greiddi engan skatt ef verðmæti eigna hans næðu ekki tiltekinni fjárhæð og jafnframt að skatturinn færi stighækkandi eftir því sem verðmætið væri meira. Þó mætti ekki ganga svo langt í skattheimtu gagnvart einstökum mönnum að þeim væri mismunað á ótilhlýðilegan hátt í samanburði við aðra.

Þá segir m.a. í dómi Hæstaréttar að þegar auðlegðarskattur var fyrst lögleiddur hefði verið við að etja einstæðan vanda í ríkisfjármálum og brýn þörf hefði verið á að afla ríkissjóði viðbótartekna. Var það því mat Hæstaréttar að ekki yrði talið að skattastefna lagaákvæðanna um auðlegðarskatt gengi gegn 1. mgr. 72. gr. sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Þá var ekki fallist á það með G að það gengi gegn 65. gr. stjórnarskrárinnar að ekki hvíldi skylda á erlendum hlutafélögum líkt og þeim íslenskum til að reikna út skattalegt bókfært eigið fé sem notað væri sem grundvöllur stofns til auðlegðarskatts. Að mati dómsins yrði þetta tvennt ekki lagt að jöfnu þar sem erlend félög væru ekki framtalsskyld hér á landi og því ógerlegt að láta sömu reglu gilda að þessu leyti um innlend félög. Þá taldi rétturinn að ekki fælist mismunur í því að flytja skattstofn hlutafélags yfir á þá hluthafa eina sem ættu verðmiklar aðrar eignir og leggja viðbótarauðlegðarskatt eingöngu á þá.

Þá fjallaði Hæstiréttur um hvort það gengi gegn 65. gr., sbr. 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar að skattleysismörk auðlegðarskatts hjá hvoru hjóna væru lægri en hjá einstaklingi sem ekki væri í sambúð. Hæstiréttur féllst á það með í að unnt væri að gera slíkan mun ef hann styddist við málefnaleg rök. Þar sem að löggjafanum hefði verið játað verulegt svigrúm til að ákveða þau sjónarmið sem að baki skattlagningu búa og að teknu tilliti til þess að auðlegðarskattur væri tímabundinn, þá var ekki talin næg ástæða til að líta svo á að með ólíkum skattleysismörkum væri brotið gegn framangreindum ákvæðum stjórnarskrárinnar, hvað auðlegðarskattinn varðaði.

Þá var að lokum ekki fallist á með G að það bryti í bága við 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar að við ákvörðun stofns til viðbótarauðlegarskatts skyldi miða verðmæti hutabréfs við hlutdeild manns í skattalegu bókfærðu eigin fé hlutafélags. Ef virtar væru í heild þær reglur laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem fælu í sér frávik frá reikningskilum félaga, yrði ekki séð að þær leiddu almennt til þess að skattmat hlutabréfa til auðlegðarskatts yrði miklum mun hærra en næmi sannvirði þeirra.

Þá var talið að G hefði ekki sýnt fram á að hlutabréf hennar hafi verið ofmetin við álagningu viðbótarauðlegðarskatts á árunum 2011 og 2012.

Í ljósi alls framangreinds var íslenska ríkið sýknað af kröfum G.



Dómur Hæstaréttar frá 13. mars 2014 í máli 450/2013, Ákærvaldið gegn L og B – greiðsla hlutar má ekki nema minna en nafnverði hans

Stjórnarmaður og héraðsdómslögmaður voru dæmdir í fangelsisvist fyrir brot á ákvæðum hlutafélagalaga í tengslum við hlutafjárhækkun þar sem greitt hafði verið minna en nafnverð fyrir nýja hluti í hlutafélagi.

Í málinu voru L og B sakfelldir fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög í tengslum við hlutafjárhækkun í E hf., þar sem greitt hafði verið minna en nafnverð fyrir 50 milljarða nýrra hluta. Með kaupsamningi 8. desember 2008 keypti B ehf. framangreinda hluti í E hf. Kaupverðið var greitt með 1 milljarði hluta í K ehf. sem metnir voru á 1 milljarð króna eða sem nam 1/50 af nafnverði hlutanna sem gefnir voru út í E hf.

L, sem gegndi bæði stöðu stjórnarformanns í E hf. og stjórnarmanns í B ehf., sem eignaðist hlutafjárukninguna í E hf., var talinn hafa brotið visvitandi gegn ákvæði 1. mgr. 16. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög þar sem kveðið er á um að greiðsla hlutar megi ekki nema minna en nafnverð hans. Broti gegn ákvæðum hlutafélagalaga um greiðslu hlutafjár er lýst sem refsiverðu í 2. tölulíð 1. mgr. 153. gr. laganna. Af því sem rakið var í málinu og af orðalagi 153. gr. taldi Hæstiréttur að hægt væri að draga þá ályktun að áskrifendur að hlutum í hlutafélagi og viðsemjendur félagsins geti eftir atvikum unnið sér til refsingar samkvæmt ákvæðinu. Ákærði L var dæmdur í fangelsi í átta mánuði, þar af fimm mánuði skilorðsbundna.

B, héraðsdómslögmaður, sendi tilkynningu 8. desember 2008 til fyrirtækjaskrár um hækkun á hlutafé í E hf. þar sem jafnframt var tekið fram að hinir nýju hlutir hefðu verið greiddir að fullu og vísað í því

sambandi til sérfræðiskýrslu og staðfestingar endurskoðanda. Talið var að þótt skýrsla endurskoðanda lýsti því yfir að B ehf. legði til allt hlutafé í K ehf., alls að nafnverði 1 milljarður króna, sem endurgjald fyrir umrædda hluti í E hf. kom þar hvergi fram berum orðum að umrædd hækkun á hlutafé hefði numið að raunvirði 1 milljarði króna. Í dómi héraðsdóms hafði verið talið ósannað að B hefði átt þátt í að semja eða senda tilkynninguna og var hann sýknaður af þeim lið ákærunnar.

Hæstiréttur taldi hins vegar sannað að B hefði sem lögmaður ritað undir tilkynninguna til fyrirtækjaskrár og þar með skýrt á villandi hátt frá því sem fólst í greiðslunni fyrir hina nýju hluti í E hf. Var hann því sakfelldur fyrir brot á 1. tölulíð 153. gr. hlutafélagalaga þar sem það varðar refsingu að skýra visvitandi rangt eða villandi frá högum hlutafélags eða öðru er það varðar í tilkynningum til fyrirtækjaskrár. Hæstiréttur taldi einnig með vísan til 18. gr., sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn, að lögmanni sé ekki skylt að hlíta fyrirmælum umbjóðanda síns um að tilkynna til stjórnvalds ákvörðun sem umbjóðandinn hefur tekið en brýtur bersýnilega í bága við lög eins og um hafi verið að ræða lögmæta ákvörðun. Ákærði B var því dæmdur í fangelsi í sex mánuði, þar af þrjú mánuði skilorðsbundna, auk þess sem hann var sviptur réttindum til að vera héraðsdómslögmaður í eitt ár.



Dómur Hæstaréttar frá 13. mars 2014 í máli nr. 638/2013, S hf. gegn L hf. – lögmæti fjármögnunarleigusamninga

Þrjú fjármögnunarleigusamningar taldir vera leigusamningar og þar af leiðandi með lögmæta gengistryggingu þar sem m.a. ekki tókst sönnun um að samið hefði verið um í upphafi viðskipta að viðsemjandinn yrði að loknum grunnleigutíma eigandi umræddra véla og tækja.

Í málinu fór S hf. fram á að viðurkennt yrði að þrjú fjármögnunarleigusamningar sem hann hafði gert við L hf. væru að efni til lánessamningar og að ákvæði þeirra um tengingu greiðslna við gengi nánar tiltekinna erlendra gjaldmiðla væru ólögmæt og því óskuldbindandi.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að samningarnir þrjú voru að uppbyggingu og efni samhljóma með þeim frávikum sem vörðuðu þá vél eða tæki sem hver samningur tók til en efni þeirra var nánar rakið í héraðsdómi. Eins og þar kom jafnframt fram var efni umræddra samninga hið sama og samnings sem var grundvöllur ágreinings sem skorið var úr um í dómi Hæstaréttar nr. 652/2011. Í því máli hafði S hf. höfðaði mál gegn L hf. og krafist endurgreiðslu fjár sem félagið taldi sig hafa ofgreitt á grundvelli fjármögnunarleigusamnings aðila á milli. Ekki var fallist á með S hf. að samningur aðila hefði verið lánessamningur og þá einkum með vísan til þess að ósannað var talið að samist hefði um að S hf. eignaðist hið leigða gegn ákveðinni greiðslu við lok leigutímans. Þóttu ákvæði laga nr. 38/2001 því ekki girða fyrir að aðilum hefði verið heimilt að semja um að leigugjald í viðskiptum þeirra tæki mið af breytingum á gengi erlendra gjaldmiðla. L hf. var því sýknað af kröfum S ehf.

S hf. taldi að fyrirliggjandi mál væri ekki sambærilegt dómi Hæstaréttar nr. 652/2011 þar sem samið hafði verið um það í upphafi viðskipta að áfrýjandi eignaðist vélar og tæki gegn fyrirfram ákveðinni greiðslu í lok samningstíma. Í því sambandi benti S hf. á að í öllum tilvikum hafi hann keypt vélar eða tækin við lok grunnleigutíma gegn greiðslu lokagjalds. Sú hafi alltaf verið raunin í þeim 77 fjármögnunarleigusamningum sem S hf. hafði gert við L hf. Þá benti S hf. á að í yfirlitum frá L hf. um áramótastöðu fjármögnunarleigusamninga hafi svonefnt lokagjald verið tilgreint en það sé sú fjárhæð sem S hf. hafi borið að greiða fyrir vél eða tæki að loknum grunnleigutíma. Þá hafi L hf. árum saman kynnt fjármögnunarleigusamninga á þann hátt að viðsemjandi ætti kost á að kaupa tæki af L hf. á ákveðnu verði.

Í niðurstöðum Hæstaréttar var að efni til fallist á niðurstöðu héraðsdóms um að hafna fimm af sex málsástæðum S hf. Þá komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að kynningarefni L hf. um fjármögnunarleigusamninga yrði ekki skýrt svo að það hefði veitt viðskiptamanni fyrirvaralausn kauprétt að leigutíma loknum, án þess að til kæmi sérstakt

samþykki L hf. Þá réði að mati dómsins ekki úrslitum, þótt óumdeilt væri að S hf. hefði alltaf keypt þær vélar eða tæki sem hann hafði gert samninga um á tilteknu tímabili. Þótti S hf. ekki hafa sannað að samið hefði verið um í upphafi viðskipta að hann yrði að loknum grunnleigutíma samninganna þriggja og gegn greiðslu lokagjalds, eigandi þeirra véla og tækja sem samningarnir tóku til.

Var því niðurstaða héraðsdóms um sýknu L hf. staðfest.

Dómur Hæstaréttar frá 12. desember 2013 í máli nr. 430/2013, LB hf. gegn F ehf. – lögmati fjármögnunarleigusamnings og áhrif fullnaðarkvittana

Skilyrði talin vera til staðar til að víkja frá meginreglu kröfuréttar um að kröfuhafi sem fengið hefur minna greitt en hann á rétt til, eigi kröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er.

Í málinu krafði F ehf. LB hf. um endurgreiðslu fjár sem félagið taldi sig hafa ofgreitt á grundvelli samnings félagsins og S hf. um fjármögnun um kaup á dráttarvél.

Deilan laut í fyrsta lagi að því hvort umræddur samningur hafi verið lánsamningur með ólögmati tengingu lánsfjárhæðarinnar við gengi erlendra gjaldmiðla eða leigusamningur þar sem slík tenging væri heimil. Í niðurstöðum Hæstaréttar kom m.a. fram að samningurinn hefði samkvæmt efni sínu og framkvæmd öll helstu einkenni lánsamnings og var því litið svo á að S hf. sem síðar sameinaðist LB hf., hefði veitt F ehf. lán sem S hf. hefði kosið að klæða í búning leigusamnings. Var því lagt til grundvallar að um lánsamning hefði verið að ræða í skilningi laga nr. 38/2001, en ekki leigusamning.

Í öðru lagi laut deila málsaðila að fjárhæð þess sem F ehf. endurkrafði LB hf. um vegna ólögmatrar gengisviðmiðunar. LB hf. andmælti ekki skyldu sinni til að endurgreiðslu en taldi sér heimilt að krefja F ehf. um vexti Seðlabanka Íslands samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001, á lánstímanum, í stað samningsvaxta. Við það myndaðist viðbótarkrafa um vexti fyrir liðna tíð sem nam mismuninum á samningsvöxtum og vöxtum Seðlabanka Íslands. F ehf. andmælti

þessu og taldi ekki skilyrði að lögum til að krefja sig um viðbótavexti fyrir liðna tíð.

Með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 og laga nr. 151/2010 var fallist á með LB hf. að hann ætti, ef ekki kæmi annað til, rétt til þess að lánsfjárhæðin bæri vexti samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001. Hæstiréttur vísaði í framhaldinu til þeirrar meginreglu kröfuréttar, að kröfuhafi sem fengið hefur minna greitt en hann átti rétt til, ætti kröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt væri. Sú regla sætti þó undantekningum sem leiddu til þess að við sérstakar aðstæður væri tilkalli kröfuhafa til viðbótargreiðslu hafnað. Styddust undantekningarnar meðal annars við sjónarmið um öryggi í viðskiptum og að það gæti haft í för með sér röskun á fjárhagslegri stöðu skuldara að standa kröfuhafa skil á umtalsverðum fjárhæðum fyrir liðna tíð þvert á væntingar sínar.

Hæstiréttur rakti einnig til hvaða sjónarmiða skyldi litið þegar metið væri hvort skilyrði væru til að víkja frá meginreglunni og tók fram að í þeim efnum réði heildarmat. Dómurinn tiltekur sex atriði í þessum efnum en tekur jafnframt fram að ekkert þeirra geti eitt ráðið úrslitum um fyrirbyggjandi ágreining málsaðila. Nánar tiltekið, er samkvæmt dómi Hæstaréttar, í fyrsta lagi athugað hvort fyrir liggur fullnaðarkvittun vegna greiðslu lántaka. Í öðru lagi hvort um sé að ræða góða trú lántaka um að greiðslur hans feli í sér réttar og fullar efnidir. Í þriðja lagi hvort aðstöðumunur sé á milli aðila. Í fjórða lagi hvorum samningsaðila það stæði nær að bera áhættu af umræddum vaxtamun og hvort festa væri í framkvæmd samningsins. Í fimmta lagi væri einnig litið til þess að það stæði lánveitanda nær að gæta að því að samningurinn væri í samræmi við heimildir laga nr. 38/2001 og í sjötta lagi væri mat lagt á hvert umfang viðbótarkröfunnar væri.

Í dómi Hæstaréttar segir að þegar öll þessi sjónarmið væru virt í heild í ljósi atvika málsins yrði að líta svo á að LB hf. gæti ekki krafði F ehf. um vaxtagreiðslur til viðbótar þegar greiddum vöxtum fyrir liðna tíð. Lög nr. 151/2010 gætu ekki hróflað svo að íþyngjandi væri með afturvirkum hætti við réttarreglum um efni skuldbindinga og greiðslu skulda frá því sem gilti þegar til þeirra var stofnað og af þeim greitt.

Af þessu leiddi að Hæstiréttur taldi að skilyrði væru í málinu til að víkja frá meginreglunni um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu og hafna þar með tilkalli LB hf. til viðbótavaxta fyrir liðna tíð.

Dómur Hæstaréttar frá 12. desember 2013, í máli nr. 463/2013, H hf. gegn A hf. – endurgreiðsla ofgreidds fjár og fullnaðarkvittanir

Skilyrði ekki talin vera fyrir hendi til að víkja frá meginreglu kröfuréttar um að kröfuhafi sem fengið hefur minna greitt en hann á rétt til, eigi kröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er.

Málsatvik voru þau að H hf. krafði A hf. um endurgreiðslu fjár sem félagið taldi sig hafa ofgreitt af tveimur lánsamningum sem gerðir höfðu verið við forvera A hf. Lánin voru fullgreidd af hálfu H hf. á árinu 2009. Á árinu 2011 endurreiknaði A hf. lánin þar sem í samningunum tveimur hafði verið mælt fyrir um ólögmatra gengistryggingu þeirra. Við endurútreikninginn miðaði A hf. við að lánin skyldu bera vexti samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Deila aðila laut annars vegar að því hvort reglur um endurheimt ofgreidds fjár stæðu í vegi fyrir kröfu H hf. og hins vegar hvort A hf. hefði verið heimilt að krefja félagið um viðbótargreiðslu vegna mismunar á umsömdum vöxtum sem þegar höfðu verið greiddir af lánunum og vöxtum samkvæmt framangreindu lagaákvæði.

Hvað fyrri álitaeefnið varðaði vísaði rétturinn til þess að A hf. hefði átt frumkvæði að því að taka skuld samband aðila upp að nýju með því að endurgreiða H hf. það sem hann taldi nema inneign félagsins vegna ólögmatrar gengistryggingar og þannig viðurkennt í verki að H ætti rétt á endurheimt ofgreidds fjár.



Þá hefði því ekki verið haldið fram af hálfu A hf. að H hf. hefði firrt sig rétti til frekari greiðslu með fyrirvaralausri viðtöku á greiðslum A hf. vegna gengismismunarins.

Hvað síðara álitaefnið varðaði vísaði Hæstiréttur til fyrri dóma réttarins þar sem fjallað var um sjónarmið þau er byggju að baki heimild til að víkja frá meginreglu kröfuréttar um að kröfuhafi, sem fengið hefur minna greitt en hann hefði átt rétt til, ætti kröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt hefði verið. Í því sambandi þyrfti að fara fram heildarmat á grundvelli þessara sjónarmiða, en því verulegra sem óhagræði skuldarans yrði af viðbótargreiðslu því sterkari væru rökin til að víkja frá meginreglunni.

Hæstiréttur taldi ljóst að H hf. hefði verið í gróðri trú um að greiðslur hans hefðu falið í sér fullar efnidir. Þá hefði festa verið á framkvæmd lánsamninganna og hefði umfang viðbótarkröfu A hf. vegna vaxta verið verulegt hvort sem miðað væri við upphaflegan höfuðstól lánanna eða ef litið væri til hlutfalls af greiddum vöxtum. Þá yrði að telja að það hefði staðið A hf. nær að gæta þess að samningum við H hf. væru ekki skilmálar sem gengu gegn lögum nr. 38/2001.

Hins vegar leit Hæstiréttur til þess að við gerð lánsamninganna hefði H hf. verið eitt stærsta verslunarfyrirtæki landsins með umfangsmikinn rekstur. Báru einnig gögn málsins með sér að félagið hefði verið í samningsstöðu til að hafa áhrif á skilmála lánsamninganna og hefði verið brynt tilefni til að leita sérfræðiaðstoðar við samningsgerðina. Yrði því ekki litið svo á að viðbótarkrafa A hf. sem H hf. hefði þegar greitt, hefði valdið röskun á fjárhagslegri stöðu hans þannig að jafna mætti til óhagræðis sem einstaklingar eða lítil fyrirtæki yrðu fyrir vegna óvæntrar kröfu um verulega viðbótargreiðslu. Þá hafi A hf. haft uppi viðbótarkröfu sína án ástæðulausra tafa.

Þóttu því ekki skilyrði til að víkja frá meginreglu kröfuréttar um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu. Var niðurstaða héraðsdóms um sýknu A hf. staðfest.

Dómur Hæstaréttar frá 6. mars 2014 í máli nr. 602/2013, V hf. gegn LB hf. – gengistrygging lánsamnings

Lánsamningar með „jafnvirðis orðalagi“ taldir vera lögmæt lán í erlendum gjaldmiðlum þar sem efnidir samninganna fóru að verulegu leyti fram í erlendum gjaldeyri.

V hf. höfðaði mál gegn LB hf. og krafðist viðurkenningar þess að tveir lánsamningar vörðuðu lánsfé í íslenskum krónum, bundið við gengi erlendra gjaldmiðla, en ekki lánsfé í erlendri mynt.

Í niðurstöðu Hæstaréttar kemur fram að í dómum réttarins um hvort samningur sé um lán í erlendri mynt eða í íslenskum krónum bundið gengi erlendar myntar hafi rétturinn fyrst og fremst lagt til grundvallar skýringu á texta þess lánsamnings þar sem lýst er skuldbindingu þeirri sem lántaki gengst undir. Þegar sú textaskýring tekur ekki af skarið um hvers efnis lánsamningurinn er, eins og átti við um þá samninga sem hér um ræddi, hefði verið litið til atriða sem lúta að því hvernig hann hefur verið efnidir og framkvæmdur að öðru leyti.

Umræddir samningar voru um fjölmyntalán að jafnvirði ákveðinna fjárhæða í íslenskum krónum, í nánar tilteknum hlutföllum erlendra mynta. Þá kemur fram í niðurstöðu héraðsdóms, sem staðfest var af Hæstarétti, að leggja yrði til grundvallar að útborgun annars samningsins hefði verið ráðstafað að mestu leyti til greiðslu á eldri skuldbindingum V hf. við LB hf. í erlendum gjaldmiðlum. Þá lá fyrir að V hf. hafi almennt innt af hendi greiðslur afborgana og vaxta af gjaldeyrisreikningum en afar sjaldan fóru greiðslur fram af tékkareikningi þeim sem tilgreindur var í lánsamningnum. Að mati dómsins höfðu því báðir samningsaðilar í meginatriðum efnit skyldur sínar með því að fjárhæðir í erlendum gjaldmiðlum skiptu um hendur.

Hvað hinn samninginn varðaði þá var lánsfjárhæð greidd í íslenskum krónum inn á tékkareikning V hf. en fyrir lá kaupnóta vegna gjaldeyrisviðskipta vegna útgreiðslunnar. Greiðslur lántaka vegna afborganna og vaxta fóru hins vegar fram í erlendri mynt af gjaldeyrisreikningum lántaka.

Var því ljóst að mati dómsins að V hf. efnidir skyldur sínar með þeim hætti að erlendum gjaldeyri skipti um hendur en framangreind famkvæmd var í samræmi við þær upplýsingar sem fram komu í beiðni V hf. um útborgun lánsins. Efnidir samningsins fóru því að verulegu, en þó ekki að öllu leyti fram í erlendum gjaldmiðlum.

Í niðurstöðum dómsins kemur að lokum fram að þegar efnidir á hinum umdeildu samningum eru virtar í heild yrði að telja að þær hafi að svo verulegu marki falist í því að erlendar myntir skiptu um hendur að leggja yrði til grundvallar að um hafi verið að ræða lögmæt lán í erlendum gjaldmiðlum.

Hæstiréttur staðfesti því niðurstöðu héraðsdóms með vísan til forsenda hans og var LB hf. því sýkn af kröfum V hf.

Dómur Hæstaréttar frá 26. mars 2014 í máli nr. 187/2014, A hf. gegn G – gengistrygging lánsamnings

Lán talið lögmætt erlent lán á grundvelli texta samningsins. Ef orðalag skuldbindingar nægir til að ráða úrslitum um lögmæti samnings þá þarf hvorki að líta til þess hvernig ráðgert hafi verið í samningi að skyldur aðila skyldu efnidar og hvernig efnidir þeirra hafi orðið í raun.

Um kærumál var að ræða þar sem felldur var úr gildi úrskurður héraðsdóms þar sem talið var að lánsamningur aðila kvæði á um ólögmæta gengistryggingu og mála-tilbúnaður A hf. þar af leiðandi talinn vanreifaður. Hæstiréttur komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að umdeildur samningur væri í erlendum gjaldmiðlum og lögmætur sem slíkur.

Umrætt lán var veitt á grundvelli erindis G til lánveitanda sem bar fyrirsögnina „beiðni um reikningslán í erlendum myntum“. Kom jafnframt fram að G óskaði eftir fjölmyntareikningsláni að upphæð jafnvirði nánar tiltekinnar fjárhæðar í ISK, að fjárhæðin yrði samansett af ákveðnum gjaldmiðlum og var fjárhæð þeirra nákvæmlega tilgreind.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að í dómaframkvæmd hafi Hæstiréttur fyrst og fremst lagt til grundvallar texta samnings um lán, þar sem lýst er þeim skuldbindingum sem aðilarnir takast á hendur.

Hvað varðar atvik þessa máls þá kemst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að orðalag skuldbindingar nægði til að ráða úrslitum um málið og þurfti þá hvorki að líta til þess hvernig ráðgert hafi verið í samningi að skyldur aðilanna yrðu efndar eða hvernig efndir þeirra hafi orðið í raun.

Niðurstaða Hæstaréttar var því sú að um lögmætt erlent lán hefði verið að ræða.

Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum.

Ábyrgðaraðili:

Vala Valtýsdóttir, hdl.

Meðeigandi og sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs Deloitte, sími: 580-3036, netfang: vala.valtysdottir@deloitte.is

Ritstjóri:

Erna Sif Jónsdóttir, lögfræðingur

Skatta- og lögfræðisvið Deloitte sími: 580-3007, netfang: ernajonsdottir@deloitte.is

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee (“DTTL”), its network of member firms, and their related entities. DTTL and each of its member firms are legally separate and independent entities. DTTL (also referred to as “Deloitte Global”) does not provide services to clients. Please see www.deloitte.com/about for a more detailed description of DTTL and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries and territories, Deloitte brings world-class capabilities and high-quality service to clients, delivering the insights they need to address their most complex business challenges. Deloitte’s more than 200,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This communication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the “Deloitte Network”) is, by means of this communication, rendering professional advice or services. No entity in the Deloitte network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this communication.

